

Haraldur Birgir Haraldsson,  
Skipulags- og byggingarfræðingur  
Suðurlandsvegi 1-2  
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. janúar 2014  
Tilvísun: UST20131100172/ksj

### Smávirkjun að Laufafelli Rangárþingi ytra. lýsing framkvæmdar


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 26. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar um 5 – 6 kw smávirkjun við Laufafell í Rangárþingi ytra.


Neyðarlínan rekur fjarskiptamiðstöð á Laufafelli, sem er aflvædd með sígengis-olíurafstöð sem staðsett er í gámi neðan við fellið. Til að auka rekstraröryggi stöðvarinnar er áætlun um að framkvæma 5-6 kw virkjun sem þjóna mun fjarskiptamiðstöðinni.

### Lýsing á framkvæmd og frágangur

Stífla, stöðvarhús og önnur mannvirki yrðu staðsett sunnan Laufafells í um 620 m hæð. Svæðið sem virkjunin er staðsett á er eins og fram kemur í greinargerð, á svæði á náttúruminjaskrá nr. 761. Í lýsingu á framkvæmdinni kemur fram hvernig staðið verður að framkvæmdum til að umhverfisáhrif verði sem minnst. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að við framkvæmdir verði forðast allt óþarfa rask.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við áætlaða framkvæmd.

Virðingarfyllst  
  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur